



SUÐVESTURKJÖRDÆMI



Anna Karen Svövudóttir 3. sæti

Þýðandi og samskiptaráðgjafi hjá Heilbrigðisráðuneytinu

Góðan daginn.

Eftir mikla umhugsun hef ég tekið ákvörðun um að bjóða mig fram í 3. sæti á lista Framsóknar í Suðvesturkjördæmi fyrir komandi Alþingiskosningar. Ég tel mig hafa margt til brunns að bera og tel mig geta hjálpað flokknum í komandi kosningum.

Aðeins um mig:

Ég heiti Anna Karen Svövudóttir og er 44 ára gömul og er fædd í Póllandi. Ég kom til Íslands árið 1997 og hef búið hvað lengst í Hafnarfirði. Ég er tveggja barna móðir og í sambúð. Er með BA gráðu í íslensku og samfélagstúlkun og er nú að klára meistaranám í þýðingafraeði við Háskóla Íslands. Ég starfa sem samskiptaráðgjafi í Heilbrigðisráðuneytinu. Auk þess hef ég starfað sem túlkur og þýðandi í mörg ár og er stjórnarformaður Félags túlka á Íslandi. Vegna starfa minna tel ég mig hafa góða yfirsýn yfir vandamál og þarfir bæði innflytjenda og stofnana á Íslandi. Ég hef frá upphafi verið virkur þátttakandi í verkefnum samfélagsins, eins og t.d. í Útvarpi Hafnarfjarðar, var fjallkona Hafnarfjarðarbæjar á Þjóðhátíðardaginn árið 2007, stofnaði facebook síðuna MultiCulti in Hafnarfjörður, er meðstofnandi fréttu- og viðburðasiðu fyrir innflytjendur Informacje, sit í Fjölmenningsráði Hafnarfjarðar og er í stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar.

Ég mun einbeita mér að samþættingarstefnu og aðlögunarstefnu sem skipta samfélag okkar miklu máli í dag. Annars vegar verða innflytjendur að læra að lifa í samfélaginu sem þeir koma til. Hins vegar eru innflytjendur fulltrúar annarrar menningar frumbyggja til að breyta eigin félagslegum reglum, forsenda þess er að forðast átök milli komandi og hýsandi samfélaga. Ég tel nauðsynlegt að fram fari markviss stefnumótun í þessum málaflokki sem taki tillit til staðbundinna aðstæðna hérlandis, en jafnframt að þróunin í nágrannalöndunum sé höfð til hliðsjónar. Þessar þættir eru grunnur að uppbyggingu lands sem er öruggt og árangursríkt fyrir efnahaginn. Flestir útlendingar komu rétt fyrir kreppu, nú eru börn þeirra farin að búa til nýja og öðruvísi kynslóð innflytjenda sem við þurfum líka að einbeita okkur að. Jafnvel mál í tengslum við náttúruna og ferðamennsku liggja mér nærri. Ég menntaði mig sem ferðamálafræðingur í Póllandi og elska að ferðast um Ísland en sé ég hluti sem hægt er að gera betur hvað varðar bæði ferðaþjónustu og náttúruvernd. Það þarf að gera svo margt en ef við byrjum strax, þá munum við sjá árangur fljótlega. Saman getum við gert virkilega góða hluti. Hlakka til komandi verkefna og að kynnast ykkur betur.

Með góðum kveðjum,
Anna Karen Svövudóttir





Ágúst Bjarni Garðarsson 2. sæti

formaður bæjarráðs

Undanfarin ár höfum við saman gert samfélagið okkar í Hafnarfirði betra með ýmsum aðgerðum; við höfum markvisst lækkað álögur á fjölskyldufólk og létt byrðar á þeim sem þyngstar bera. Ég var aðstoðarmaður Sigurðar Inga Jóhannssonar í nokkur ár. Það var krefjandi tími og lærdómsríkur skóli. Bæjarmálin í Hafnarfirði hafa átt hug minn allan undanfarin ár þar sem okkur hefur tekist vel til að byggja upp flokkinn okkar á nýjan leik. Það er heiður að fá að þjónusta bæjarbúa sem bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs. Við höfum gert góða hluti þar sem verk okkar í Framsókn hafa fengið að njóta sín í meirihlutasamstarfinu hér í bæ. Hafnarfjörður er góður bær og hér er gott að lifa og starfa fyrir unga sem aldna. Umfangsmikil uppbygging er nú að hefjast víða um bæinn sem er afrakstur mikillar vinnu í skipulagsmálum undanfarin tvö ár sem hefur verið gaman að taka þátt í. Ég tel mig þekkja kjörðæmið vel og hvað það þurfi að gera til að bæta hag íbúa svæðisins og landsins alls. Ég brenn fyrir því að gera samfélagið okkar betra. Ég tel mig eiga erindi og tilkynni hér með um framboð mitt í 2. sæti á lista Framsóknar í SV fyrir þingkosningarnar 2021.





Ívar Atli Sigurjónsson 4. sæti

Flugmaður og háskólanemi

Ég heiti Ívar Atli Sigurjónsson og er 28 ára gamall og sækist eftir 4. sæti framboðslistans í Suðvesturkjördæmi. Ég er fæddur og uppalinn á Ísafirði en hef verið búsettur í Kópavoginum síðastliðin fimm ár ásamt Sólveigu kærustu minni og eigum við saman tvö börn.

Minn bakgrunnur liggur að mestu í flugiðnaðinum hérlandis, en ég starfaði sem atvinnuflugmaður á árunum 2015 til ársins 2019. Ég stunda nám við lagadeild Háskóla Íslands þessi misserin og stefni á að ljúka þaðan BA prófi í lögfræði vorið 2022.

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur mér þótt þingmenn og ráðherrar Framsóknarflokksins standa sig afskaplega vel. Má nefna áfangasigra eins og lengingu fæðingarorlofs, loftbrúna og tilkomu menntasjóðs námsmanna. Þessi mál ásamt fleirum eru til marks um frábæran árangur okkar fulltrúa. Framganga þeirra og störf hafa kveikt neistann innra með sjálfum mér og langar mig að leggja mitt af mörkum til að bæta samfélagið okkar allra.

Í mínum huga er ljóst að áherslur næstu missera þurfa að liggja í atvinnuuppbyggingu, hér þarf að skapa fjölbreytt störf til frambúðar fyrir þá einstaklinga sem hafa staðið frammi fyrir atvinnumissi í kjölfar heimsfaraldursins. Að mínu mati er því mikilvægt að störfin sem skapast í viðspyrnunni verði sem fjölbreyttust og að ein atvinnugrein verði landsframleiðslunni ekki jafn hlutfallslega mikilvæg og raun bar vitni með ferðaþjónustuna, við þurfum að dreifa eggjunum okkar í fleiri körfur og gera það með fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu.

Tækifærin í atvinnuuppbyggingunni er viðsvegar að finna hvort sem það felst í því að efla heilbrigðiskerfið okkar eða menntakerfið með fjölgun leik- og grunnskólakennara með tilskylda menntun eða að bæta enn frekar í kennslu í iðngreinum.

Við þurfum að tryggja að hér verði áfram gott að búa fyrir okkur öll, óháð stétt okkar, stöðu eða aldri. Fæðingarorlof þarf að lengja ennþá meira að mínu mati til að brúa bilið frá því að fæðingarorlof foreldra tekur enda og þar til barn fær leikskóladvöl í viðkomandi sveitarfélagi, ég er viss um að ávinningur af því verður meiri en kostnaðurinn þegar allt er tekið til skoðunar.

Þá þarf að leggja í itarlega skoðun á fyrirkomulagi skerðinga á lífeyrisgreiðslum eldri borgara og að endurskoða rekstrarfyrirkomulag hjúkrunarheimila landsins í ljósi nýlegra tíðinda af óvissu um rekstur þeirra viðsvegar um landið.

Tækifærin liggja í framtíðinni og nú er mikilvægt að við lærum af reynslunni. Við fáum núna einstakt tækifæri til að hefja okkur til flugs á ný eftir heimsfaraldurinn og við gerum það með sjálfbærni og skynsemi að leiðarljósi.





Kristín Hermannsdóttir 3.-4. sæti

Háskólanemi

„Af hverju geri ég ekki bara eitthvað í þessu?“ Ég hef spurt mig sjálfa að þessu við ýmis tilefni. Framtíðar Ísland á að vera heillandi staður fyrir fólk þar sem gnægð er af spennandi mennta- og atvinnumöguleikum. Auk þess eru umhverfismál okkur Íslendingum nærtæk og eigum við að standa framarlega í baráttunni og sýna gott fordæmi. Mikilvægt er að við séum eins sjálfbær þjóð og mögulegt er, við eigum t.d. að vera sjálfum okkur næg þegar kemur að matvælaframleiðslu. Einnig þarf að halda áfram að viðhalda og bæta samgöngur í samræmi við stefnu samgönguráðherra. Sú mikilvæga vinna á stóran þátt í velferð landsins. Þessi upptalning mín gæti orðið heldur löng fyrir eina stutta og hnitmiðaða færslu á alnetinu. Ég ætla að láta slag standa og fara að gera eitthvað í þessu! Fyrsti liðurinn í því er tilkynna það að ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 3. sæti í prófkjöri Framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi fyrir komandi Alþingiskosningar. Mikilvægt er að ungt fólk hafi rödd á Alþingi þegar ákvarðanir framtíðarinnar eru teknar, ég er sannfærð um að ég geti verið sú rödd. Ég er 23 ára, er fædd og uppalin í Kópavogi og stunda nám við viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Ég hef verið þátttakandi í starfi Framsóknarflokksins um árabil. M.a. hef ég verið gjaldkeri Sambands ungra Framsóknarmanna síðan 2019 og setið í stjórn síðan 2018. Einnig hlotnaðist mér sá heiður að sitja í 4.sæti á lista Framsóknarmanna í sveitarstjórnarkosningum árið 2018. Ég gegni einnig stöðu varaformanns í umhverfis- og samgöngunefnd í Kópavogi. Utan stjórn mála hef ég sinnt sjálfbodaliðastarfi fyrir hestamannafélagið Sprett og er hestamennska mitt helsta áhugamál. Í öllum þeim verkum sem ég tek að mér legg ég mig alla fram. Ég er ekki að fara hætta því núna. Ef þið eruð á sama máli þá óska ég eftir ykkar stuðning í prófkjöri Framsóknarmanna í SV kjördæmi. Kveðja, Kristín Hermannsdóttir.





Linda Hrönn Þórisdóttir 2. sæti

Leiðtogi innlendra verkefna hjá Barnaheillum - Save the Children á Íslandi

Samvinnuhugsjónin er grunnstef Framsóknarflokksins og hana hef ég haft að leiðarljósi í stjórnmalabátttöku minni. Sem formaður Landssambands Framsóknarkvenna hef ég í samstarfi við öflugar samstarfskonur mínar lagt áherslu á að hvetja og styðja konur til stjórnmalabátttöku.

Í framkvæmdastjórn og landsstjórn flokksins er ég í góðu samstarfi við öfluga grasrót flokksins sem er mikilvægasta auðind hans. Á þingflokksfundum er ég áheyrnarfulltrúi og hef þar veitt þingflokknnum bæði aðhald og stuðning. Innan Framsóknar hef ég lagt mitt af mörkum til að styrkja málefnastöðu flokksins, m.a. í menntastefnuhóp, launþegaráði, loftslagshóp og hópi um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í grunnstefnu flokksins sem byggð var á tillögu minni á haustfundi miðstjórnar árið 2019.

Sú fjölbætta reynsla og menntun sem ég hef aflað mér tel ég að muni nýtast vel á Alþingi. Sem leikskólakennari öðlaðist ég afburðafærni í samskiptum, snemmtækri iðlutun, stefnumótun, mannauðsmálum og kennslu. Í núverandi starfi hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi ber ég ábyrgð á öllum innlendum verkefnum samtakana sem snúa m.a. að forvörnum gegn ofbeldi á börnum. Auk þess er ég stundakennari við Háskóla Íslands og kenni þar leikskólafræði.

Ráðherrar flokksins hafa treyst mér til að leiða starfshópa sem samanstanda af fjölbreyttum hópum sérfræðinga. Félags- og barnamálaráðherra skipaði mig sem formann starfshóps um samfélagslega virkni einstaklinga með geðrænan vanda, mennta- og menningarmálaráðherra sem formann starfshóps um styrkingu leikskólastigsins og formann bókasafnaráðs. Þar hefur færni mín til málamiðlunar, sveigjanleika og stefnufestu til að komast að sameiginlegum niðurstöðum komið sér vel.

Stefnumál mín snúa öll að auknum lífsgæðum hvers einstaklings á öllum skeiðum lífsins.

Bernskuárin:

- Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla
- Styrkja innra starf leikskólans með tillögum starfshóps sem ég hef leitt
- Stuðla að fjölbreyttari kennsluháttum í grunnskólum
- Tryggja þátttöku allra barna í tórstundum óháð efnahagslegum eða félagslegum aðstæðum

Unglingsárin:

- Skólaskylda til 18 ára aldurs
- Kosningaöldur miðist við fæðingarár en ekki fæðingardag
- Fjölbreytt og aðgengileg úrræði til að efla samfélagslega virkni

Fullorðinsárin:

- Hækka hátekjuprepið og verja millitekjuhópa
- Auka endurgreiðslu vegna ungmenna sem búa á heimilum
- Skoða afnám verðtryggingar
- Endurskoða barnabótakerfið
- Nýsköpun í fjölgun starfa
- Fjölbreytt úrræði fyrir öryrkja í samræmi við tillögur starfshóps sem ég leiddi
- Auka aðgengi að ráðgjöf og stuðningi fyrir fjölskyldur

Eldri árin:

- Afnama erfðaskatt
- Endurskoða eignaskatt og tekjutengingar lífeyris
- Tryggja sveigjanleg starfslok
- Skoða hvort heimila eigi dánaraðstoð á Íslandi
- Greiða grunnkostnaður við útfarir í gegnum skattkerfið
- Koma á fót embætti umboðsmanns aldraðra





Willum Þór Þórsson 1. sæti

Alþingismaður

Kæru félagar og vinir,
Ég býð mig fram til áframhaldandi forystu á lista Framsóknar í Suðvesturkjördæmi fyrir komandi Alþingiskosningar 2021.

Á kjörtímabilinu sem er senn að ljúka hef ég sinnt ábyrgðarstörfum m.a. sem formaður fjárlaganefndar og formaður þingflokks. Auk þess hef ég setið í efnahags- og viðskiptanefnd, allsherjar- og menntamálanefnd og forsætisnefnd. Kjörtímabilið hefur verið viðburðaríkt og óvenju krefjandi, held ég að sé óhætt að segja.

Ég hef beitt mér fyrir framgangi fjölmargra mála. Eðli málsins samkvæmt eru flest þeirra á vettvangi ríkisfjármála. Auk þess hef ég sjálfur lagt fram nokkur þingmál og fékk samþykkt á Alþingi í mars 2020 tillögu til þingsályktunar um mótun opinberrar klasastefnu, sem nú liggur fyrir og skýrsla þess efnis rædd á Alþingi. Þá hef ég beitt mér sérstaklega fyrir umbótum á sviði heilbrigðis-, forvarnar og lýðheilsamála og lagt fram þingsályktunartillögur, um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum um sértæka þjónustueiningu fyrir fólk með sjaldgæfa sjúkdóma, langveik börn og aðstandendur þeirra. Forvarnargildi íþróttar- æskulýðs og tómstundastarfs barna og unglunga er óumdeilt. Óeigingjarnt sjálfbodaliðastarf á vettvangi fjölmargra félagasamtaka þarf stöðuga viðurkenningu og aukinn stuðning hins opinbera. Ég hef nokkrum sinnum lagt fram þingmál um aukinn stuðning við íþróttar- og æskulýðsfélög og fór fyrir starfshópi sem skilaði tillögum að auknum stuðningi við félagasamtök sem starfa að almannaeillum. Frumvarp sem byggir á þeirri vinnu var samþykkt 20. apríl sl.

Næstu misseri verða mikilvæg í viðspyrnunni og miklar áskoranir m.a. á sviði efnahagsmála, ríkisfjármála og atvinnumála sem kallar á skýra sýn og stefnu. Ég hef lagt mig fram um að við „klárum leikinn“ og veitum samfélaginu stuðning inn í viðspyrnuna. Framlengjum þau úrræði sem hafa virkað, veitum greiðsluskjól, sköpum virkni fyrir atvinnuleitendur (hefjum störf), sköpum sumarstörf og námsúrræði (nám er tækifæri), og styðjum þriðja geirann í samfélagslega mikilvægum verkefnum. Við höfum góða sögu að segja inn í kosningar, m.a. í menntamálum, samgöngumálum og málefnum barna. Við þurfum hins vegar að taka umhverfismálin fastari tökum og leita í ræturnar í þeim efnum. Ísland á að stefna að grænu, stafrænu hagkerfi með áherslu jöfnuð, jafnrétti og jöfn tækifæri.

Ég trúir því að reynsla mín af þeim ábyrgðarstörfum sem mér hefur verið trúað fyrir komi að góðum notum við þær áskoranir sem framundan eru. Ég óska því eftir að fá tækifæri til að leggja mitt af mörkum og bið áfram um stuðning ykkar í 1. sæti lista Framsóknar í Suðvesturkjördæmi.

Með góðri kveðju, Willum Þór





Þórey Anna Matthíasdóttir 3-4. sæti

Ökuleiðsögumaður

Kæru vinir.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 3.-4. sæti í prófkjöri Framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi. Ég er þakklát fyrir þá miklu hvatningu sem ég hef fengið, ásamt hvatningu frá LEB um að eldra fólk gefi kost á sér til setu ofarlega á lista framboða.

Ég starfaði í 30 ár í flugrekstrar og tæknideildum flugfélaga en missti vinnu eftir hrunið 2008. Árið 2009 var ég kjörin formaður Landssambands Framsóknarkvenna og gegndi þeirri stöðu til 2011 og sat á sama tíma í framkvæmdastjórn og landsstjórn flokksins. Nú er ég varaformaður SEF.

Ég ákvað að fara í nám 2011 og flutti til Hóla, sat þar veturlangt og kláraði Diplóma í viðburðastjórnun. Það var ómetanleg reynsla fyrir borgarkonu eins og mig að búa einn vetur í Skagafirði og vinna þar með leikfélaginu að uppsetningu leikverks. Eftir útskrift vann ég sumarvinnu á gistiheimili og tjaldsvæði. Um haustið réði ég mig að Skálholti og sá þar m.a. um gestastofu, leiðsögn og viðburðahald. Þar starfaði ég í nær 3 ár og tók samhlíða starfi aðra gráðu frá Hólum í ferðamálafræði í fjarnámi. Þá tók ég rútuþróf 2015 og hef seinustu 5 árin starfað við leiðsögn og rútuakstur, ásamt verkefnum sem snúa að minni þekkingu í ferðamálum og fjölmenningu.

Ég á þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn og tók á uppvaxtarárum barna minna mikinn þátt í skólastarfi sem bekkjafulltrúi og í foreldrastarfi í íþróttahreyfingunni.

Ég hef unnið krefjandi og veigamikil störf í nefndum settum m.a. af Alþingi í gegnum árin og geri enn. Sit nú í Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar með afbrigðs fólki. Ég sat í stjórn Neytendasamtakanna í nokkur ár og hef komið talsvert að verkalýðsmálum. Var í trúnaðarráði og kjaranefnd Leiðsagnar - stéttarfélags leiðsögumanna. Þá sat ég í stjórn Landvarðafélags Íslands í 4 ár og í launþegaráði Framsóknar í fjölda ára.

Okkar biða næg verkefni og mínar helstu áherslur eru að eldra fólk vill hafa áhrif á eigið líf. Bæta þarf lífskjör þeirra, eldra fólk á að geta lifað heima með reisn. Búsetuúrræði þurfa að verða fjölbreyttari. Allt lagaumhverfi eldri borgara er sundurleitt og flókið, það þarf að endurskoða það og einfalda, ekki síst lögin um almannatryggingar. Sú vinna á að miða að því að lög sem varða eldra fólk verði skilvirkari og það þarf að tryggja aðkomu eldri borgara að þeirri endurskoðun. Ég treysti á að þið, félagar mínir í Framsókn, veiti mér brautargengi í þessum kosningum.

Með vinsemd,

Þórey Anna Matthíasdóttir, baráttukona.



Kosið verður í lokuðu prófkjöri Framsóknar í Suðvesturkjördæmi
laugardaginn 8. maí í Bæjarlind 14 - 16, Kópavogi, frá klukkan 10:00- 18:00.

Hægt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar 5.-7. maí frá klukkan 16:00-19:00
í Bæjarlind 14 - 16, Kópavogi.

Kosið er um fimm efstu sætin og kjósandi setur tölustaf fyrir framan nafn þess sem hann vill kjósa, 1 fyrir framan þann sem hann vill í fyrsta sæti, 2 fyrir framan þann sem hann vill í annað sæti og svo framvegis upp í fimm sæti.

**Athugið að ekki má merkja við færri eða fleiri frambjóðendur en fimm,
annars verður atkvæðið ógilt.**

